

Fimmtudaginn 16. desember 1993.

Nr. 346/1993. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Haraldi Sveini Gunnarssyni,

Sverri Frank Kristinssyni,

Valgarð Blöndal og

Val Bjartmari Sigurðssyni

(Björgvin Þorsteinsson hrl.).

Fjárhættuspil. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærðu, sem áfrýjuðu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, út gefinni af ríkissaksóknara 9. júní 1993, krefjast sýknu af kröfum ákærvaldsins. Ríkissaksóknari krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Samkvæmt framburði ákærðu stóðu þeir í félagi fyrir fjárhættuspili í húsnæði að Súðarvogi 7 í Reykjavík, sem þeir höfðu á leigu. Verulegar fjárhæðir gátu verið í húfi. Þátttkendum og gestum stóð til boða áfengi, sem að minnsta kosti stundum var greitt fyrir. Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta niðurstöðu hans um sakfellingu ákærðu fyrir brot gegn 1. mgr. 183. gr. og 184. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 svo og 18. gr., sbr. 1. mgr. 33. gr., áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um fangelsisrefsingu ákærðu og skilorðsbindingu hennar. Fésekt á hendur hverjum ákærðu þykir hæfilega ákveðin 400.000 krónur í ríkissjóð, og komi 60 daga fangelsi í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um upptöku eigna og sakarkostnað.

Ákærðu greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um annað en fésektir ákærðu.

Ákærðu, Haraldur Sveinn Gunnarsson, Sverrir Frank Kristinsson, Valgarð Blöndal og Valur Bjartmar Sigurðsson, greiði hver um sig 400.000 krónur í sekt í ríkissjóð, og komi 60 daga fangelsi í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmans, 80.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 7. apríl 1993.

Ár 1993, miðvikudaginn 7. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er af Péttri Guðgeirssyni héraðsdómara í Dómhúsinu við Lækjartorg, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-75/1993: Ákærvaldið gegn Haraldi Sveini Gunnarssyni, Sverri Frank Kristinssyni, Valgarð Blöndal og Val Bjartmari Sigurðssyni, sem dómtekið var 25. mars sl.

Mál þetta var höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 2. febrúar 1993, á hendur ákærðu, Haraldi Sveini Gunnarssyni, Melabraut 33, Seltjarnarnesi, kt. 140459-437, Sverri Frank Kristinssyni, Álftamýri 36, Reykjavík, kt. 110543-417, Valgarð Blöndal, Kaldaseli 14, Reykjavík, kt. 140160-520, og Val Bjartmari Sigurðssyni, Kleppsvegi 38, Reykjavík, kt. 110749-449, „fyrir hegningarlagabrot og áfengislagabrot með því að hafa á tímabilinu frá 15. júlí 1992 til 10. október 1992 í húsnæði að Súðarvogi 7, Reykjavík, sem ákærðu höfðu á leigu, rekið í félagi fjárhættuspil („black jack“ eða 21, rúllettu, póker, kasjón og bridds) í atvinnuskyni og sér til ávinnings og jafnframt í tengslum við þessa starfsemi veitt þeim, sem eftir því leituðu, áfengi gegn gjaldi.

Telst þetta varða við 183. gr. og 184. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 18. gr., sbr. 1. mgr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til að þola upp-töku á eftirtöldum varningi, sem hald var lagt á við rannsókn málsins, samkvæmt 1. mgr. 1. tl. 69. gr. almennra hegningarlaga:

1. Tveimur spilaborðum, peningakössum, spilapeningum og rúllettuhjóli.

2. Bjór af ýmsum tegundum, alls 118 flöskum, áfengi af ýmsum tegundum, 21 flösku, þar af 7 áteknum“.

Málavextir.

Föstudagskvöldið 9. október sl. kl. 23.30 gerði lögregla húsleit í Súðarvogi 7 hér í borg, þar sem grunur lék á, að þar færi fram ólöglegt fjárhættuspil. Voru handteknir þarna sex menn, þar á meðal ákærðu Haraldur Sveinn og Sverrir Frank. Hald var lagt á 376.700 krónur í reiðufé, 365.000 krónur í tékkum, tvær bókhaldsbækur, félagaskrá, fundargerðabók, félagaskrá, tvær minnisbækur, spjaldskrá með nöfnum og fjárhæðum, verðlista yfir áfengi og aðrar veitingar, 21 áfengisflösku, þar af 7 áteknar, 118 bjórflöskur af ýmsum tegundum, mikið af spilapeningum, tvö spila-borð, tvo peningakassa, rúllettuhjól, tóbak og fleira.

Í annarri bókhaldsbókinni, sem auðkennd hefur verið A 1 í rannsókn málsins, eru þessar færslur:

— — —

Ákærðu eru stjórnarmenn í „FRÍ-klúbbnum“, sem nú hefur aðsetur í húsinu nr. 7 við Súðarvog hér í borg. Klúbbur þessi hefur starfað um langt árabil, en starfsemi ekki verið óslitin. Félagar eru taldir vera um 100 — 200, en aðeins lítill hluti þeirra spilaði þar að staðaldri. Telja verður upplýst, að ekki hafi verið spilað í húsnæðinu allt það tímabil, sem ákært er fyrir, og að spilin hafi ekki staðið nema frá 22. ágúst sl. Húsnæðið er á leigu, og sáu ákærðu um að greiða leigugjaldið sem og annan kostnað af starfseminni. Fram er komið, að menn gátu gengið í klúbbinn gegn greiðslu 2.000 króna árgjalds. Í húsnæðinu fór fram fjárhættuspil, „black jack“ eða 21, póker, bridds og kasjón. Síðasta mánuðinn var þar einnig spiluð rúlletta. Til þess að spila rúllettu og „black jack“ voru notaðir sérstakir spilapeningar, að fjárhæð 100, 250, 500, 1000, 2000, 5000 og 10000 krónur, sem menn keyptu af húsinu og spiluðu svo um við húsið. Önnur spil voru á milli manna, án þess að húsið kæmi þar við sögu, en þá var stundum innheimt borðgjald, 100 krónur á klukkustund. Lægsta boð í „black jack“ var 500 krónur, en hið hæsta 10.000 krónur. Við rúllettuna voru þetta 100 og 1000 á hvern reit og 18.000 á jöfn hliðarborð. Ákærðu skiptust á um að vinna í klúbbnum og halda bankann, en einnig kom það fyrir, að aðrir klúbbfélagar gerðu það. Naut sá ágóðans eða bar tapið það kvöld, sem hann hélt bankann.

A. Brot gegn 183. og 184. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Haraldur Sveinn skýrði frá því í lögregluskýrslu 10. október sl., eftir að hann hafði ráðfært sig við réttargæslumann, að hann hefði verið „banki“ í u. þ. b. tuttugu skipti. Hefði gengið á ýmsu fyrir sér og tap

eða gróði numið frá nokkrum þúsundum upp í nokkra tugi þúsunda. Hefði klúbburinn engan ágóða af þessu. Kvaðst ákærði aðeins hafa verið í klúbbnum í einn til tvo mánuði og hvorki greitt hita né rafmagn á þeim tíma. Annars kvað hann hvern þeirra ákærðu um sig hafa greitt kostnað, en engin gögn vera til um samstarf þeirra. Enginn þeirra sæi sérstaklega um fjármál eða kassauppgjör, en kvaðst þó öðrum fremur gera það. Kvað hann þá fjóra eiga spilaborð og innréttingar og áfengið, sem fannst þarna. Ákærði kannaðist við að eiga 7-800 þúsund krónur af peningum og tékkum, sem fundust við húsleitina. Kvaðst hann stundum lána mönnum fé vaxtalaust og tæki við tékkum í staðinn.

Síðar þennan dag, eftir að hann hafði að nýju ráðfært sig við réttargæslumann, skýrði ákærði frá því, að þeir ákærðu rækju klúbbstarfsemina í Súðarvogi 7. Voru þá bornar undir hann bókhaldsbækurnar tvær. Kvað hann aðra þeirra, sem auðkennd hefur verið A 1, vera minnispunkta um sameiginlegan sjóð þeirra fjögurra. Sé þetta sjóður þeirra til þess að standa straum af rekstrinum, en óháður tekjum af spilum. Færslur við 4., 5. og 18. ágúst og 6. og 13. september sl., þar sem ákærðu eru greiddar út samtals 1.860 þúsund krónur, voru bornar undir ákærða. Kvað hann þessar greiðslur hafa skipst jafnt á milli þeirra. Þá kvað hann færsluna: „Siggi laun 15/7 — 30/7 43.000“ — vera launagreiðslu til bilvirkja síns og aðra sams konar færslu 29/9, að fjárhæð 63.450 kr., einnig vera laun til sama manns. Þá væri færslan 2. október: Laun til Lilju, Sigu, Lindu og Köllu, gjafir til eiginkvenna þeirra. Að því er varðaði stofnframlög þeirra fjögurra til sjóðsins, kvað ákærði þau hafa verið eftir efnum og ástæðum, og hefði hann skrifað á miða, hve mikið hver þeirra ætti inni í sjóðnum, en hefði það ekki handbært á þeirri stundu. Hin bókin, A 2, væri að mestu óviðkomandi sameiginlegum sjóði þeirra félaga, og væru þar ýmsar persónulegar færslur, svo sem eigin úttekt af barnum, kaffistofu og þ. h. Ákærði kvað þá hafa ákveðið, að ávallt skyldi einn þeirra vera á staðnum og standa persónulega fyrir bankanum. Flestir þeirra, sem komu til þess að spila, hefðu verið félagar í klúbbnum og keypt spilapeninga af þeim, sem hafði bankann hverju sinni. Hefðu þeir haft það að reglu að skipta ekki meira fyrir hvern einstakan en 100 þúsund krónum á sólarhring. Væri þá tryggt, að menn gætu ekki tapað meira en það. Aftur á móti hefðu menn getað unnið hærri fjárhæðir.

Ákærði var enn yfirheyrður þetta kvöld, og var réttargæslumaður hans viðstaddur. Var hann þá spurður frekar út í bækur þessar og önnur skjalleg gögn, sem tekin voru í húsleitinni, svo sem innleggsnótur, víxil og tékka. Ítrekaði hann, að bækurnar væru minnispunktar sínir, og neitaði að tjá sig frekar um þær. Þá færðist hann að mestu undan því að gera grein fyrir öðrum gögnum.

Ákærði var yfirheyrdur hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 23. október sl., og hafði honum verið kynntur réttur hans til þess að hafa réttargæslumann viðstaddan, en hann ekki þekkt það. Kvað hann þá fjóra hafa aðstöðu með spilaborð þarna í Súðarvogi, og væru þeir félagar í FRÍ-klúbbum. Sæju þeir um að „halda uppi aðstöðu“ fyrir klúbbfélaga í húsnæðinu. Ekki hefði verið tilgangurinn að hagnast á þessu eða hafa af því atvinnu. Hefðu þeir málað húsnæðið í júlí og opnað klúbbinn í ágúst. Var hann spurður, hvort þeir fjórir hefðu keypt klúbbinn, og svaraði hann því til, að engin starfsemi hefði verið í klúbbum, þegar þeir fjórir hefðu ákveðið að opna hann að nýju, og kvaðst hann hafa greitt kostnað af málun og því að setja upp spilaborð. Hann kvaðst ekki vita, hver ætti húsnæðið, en halda, að það væri roskinn maður, sem ætti alla hæðina. Ekki vissi hann, hverjir væru með húsnæðið á leigu, en hann greiddi einn fjórða af leigugjaldinu um hver mánaðamót, en Valgarð sæi um að gera skil á leigunni, sem væri 52 þúsund krónur. Annars kvaðst hann halda, að til væri gamall leigusamningur vegna húsnæðisins, en þeir fjórir væru ekki með neinn samning. Hann gerði þá grein fyrir starfseminni, að þetta væri félagsheimili, sem þeir fjórir stæðu að og félagar klúbbsins hefðu aðgang að. Ekki hefði verið um annan rekstur að ræða en greiða húsaleigu, rafmagn og síma, og hefði ekki komið til þess, að greiða þyrfti húsaleigu nema í tvö skipti. Félagsgjöld manna rynnu til þess að standa straum af kostnaði við reksturinn. Kaup á spilum, spilaborðum og kostnaður við framkvæmdir væru aftur á móti greidd úr sameiginlegum sjóði þeirra fjögurra.

Ákærði sagði, að klúbbfélagar keyptu spilapeninga af þeim fjórum eða einhverjum klúbbfélaganum, sem í það skiptið var bankinn. Annars gætu menn spilað án afskipta þeirra fjórmeninganna og án þess að nota spilapeninga. Ákærði kvaðst ekki hafa hagnast á þessu, heldur hefði hann tapað nokkrum tugum þúsunda, ef allur kostnaður væri reiknaður með. Ákærði kannaðist við að eiga 648.200 krónur í tékkum og peningum, sem fundust í eldhússkáp. Ákærði Sverrir Frank ætti 76.00 krónur, sem teknar voru á spilaborði, og 8.800 krónur í peningakassa á bar taldi hann vera félagsgjöld.

Þegar ákærði kom fyrir dóminn við aðalmeðferð málsins, kvaðst hann eiga rúllettuborðið og nokkuð af áfenginu. Annað ættu meðákærðu, einstakir félagsmenn eða þá klúbburinn. Klúbburinn greiddi húsaleigu, en Valgarð hefði séð um að standa skil á henni við húseigendur. Leigutakinn væri klúbburinn samkvæmt fimm ára gömlum leigusamningi. Hann kvað þá fjóra hafa verið kosna í stjórn til þess að koma klúbbum aftur á laggirnar, en klúbburinn hefði verið stofnaður 1968, eftir því sem hann hefði kynnt sér. Sjálfur hefði hann gengið í klúbbinn á síðastliðnu vori. Hann kvaðst líta á þetta húsnæði sem samkomustað áhugamanna um spil, og væri þar

ekki eingöngu spilað, því að menn kæmu einnig til þess að hittast og horfa á sjónvarp. Lykla að húsnæðinu hefðu stjórnarmenn haft og nokkrir aðrir gamlir félagar. Til þess að gerast félagar í klúbbnum yrði að bera umsækjanda upp við stjórnina, og ef hún samþykkti, gátu menn fengið félagskort. Klúbburinn væri rekinn fyrir félagsgjöld og borðdagjöld. Ekki hefði verið mikið til í sjóði, þegar þeir fjórir tóku við stjórninni í ágústbyrjun. Hefði það gerst á fundi með þeim, sem hefðu verið staddir í húsnæðinu það sinnið, og hefði þetta ekki verið mjög formlegt. Hefðu þeir fjórir og einkum hann sjálfur orðið að leggja út fyrir ýmsum kostnaði, þegar félagsgjöld hrukku ekki til. Þeir hefðu ákveðið það einir að taka að sér að koma upp þokkalegri spilaaðstöðu og bera ábyrgð á henni. Ákærði kvað spilagróða bankans eða hússins hafa runnið til þess manns, sem hélt bankann hverju sinni, en ekki skipst á milli þeirra. Á sama hátt hefði sá maður staðið undir tapi bankans. Hann kvað alla félagsmenn geta verið banka, en sumir hefðu verið það oftár en aðrir. Virka félagsmenn kvað hann vera kunningjahóp 25 — 40 manna, og þeir, sem væru mjög virkir, væru 15 — 20 manns.

Ákærði kvað bók þá, sem merkt er A 1, vera algerlega óviðkomandi klúbbnum. Þetta væri minnisbók sín sjálfs, og væri hann sjálfstæður atvinnurekandi. Dagsetningin 15. 7. væri tilviljun, en þar hefði eldri bók sína þrotið. Færslurnar, sem auðkenndar væru orðinu „Inn“, gætu þýtt innheimta, spilagróði eða andvirði seldra bíla, en ákærði kvaðst kaupa og selja um 50 — 100 bíla á ári. Að því er varðaði færsluna 16. 7., 449.000 krónur, væri það ekki spilagróði nema þá að hluta. Tók hann fram í því sambandi, að klúbburinn hefði ekki verið opinn á þeim tíma. Færsluna 4. 8., að fjárhæð 320.000 krónur, skýrði ákærði svo, að það væri framlag þeirra fjögurra í sjóð til þess að borga fyrir nýjan spilabúnað frá Englandi og Las Vegas. Færslurnar 5. og 18. 8., samtals 540 þúsund krónur, væru greiðslur úr sameiginlegum sjóði þeirra fjögurra til þess að koma upp „huggulegri“ spilaaðstöðu. Þar af hefðu farið 500 þúsund kr. um Sparisjóð Reykjavíkur til John Huxley í London, en það er framleiðandi spilabúnaðar fyrir spilavíti. Vísar ákærði í því sambandi til gjaldeyrisumsóknar, að fjárhæð 5.732 sterlingspund, en hún er dagsett 6. október sl. Ákærði kvað hinn nýja spilabúnað hafa verið nýkominn eða rétt ókominn til landsins, þegar lögregla stöðvaði reksturinn, en búið væri að setja hann upp í húsnæðinu. Ákærði kveður þá fjóra hafa lagt í sjóð þennan eftir efnum og ástæðum, og hefði hann skrifað hjá sér á miða framlög hvers þeirra. Aðspurður kvaðst hann ekki geta sagt, hverjar af færslunum í bókinni væru viðkomandi bílaviðskiptum. Ákærði kvað færsluna 13. 9., að fjárhæð 400.000 krónur, mega hugsanlega skýra með gjaldeyrisumsókn ákærða Valgarðs, dagsettri 25. 9., vegna greiðslu til John Huxley, sem áður er nefndur. Færslan 6. sama mánaðar sé sama eðlis. Ákærði kvað þá hafa vonast til

þess að fá þetta fé til baka með hækkuðum félagsgjöldum og borðaleigu, en þeir hefðu hækkað félagsgjöld í 5.000 krónur á ári. Hefði verið stofnaður nýr klúbbur, Spilaklúbburinn Súðarvogi, sem væri með líku sniði og Friklúbburinn, en þó með meiri formfestu. Fengju ekki aðrir aðgang en félagsmenn og gestir þeirra.

Ákærði kvaðst vera sjálfstæður atvinnurekandi og hafa rekið söluturn á þeim tíma, sem hér um ræðir, og auk þess eigi hann húsnæði á Akureyri, sem skili sér um 200.000 krónum á mánuði í tekjur. Þá hefði hann einnig átt bílasölu um þetta leyti. Ákærði kvaðst ekki hafa ætlað að hagnast á þessum spilum í Súðarvogi, og hefði þetta eingöngu verið áhugamál sitt. Hefði hann komið misoft í klúbbinn, stundum tvisvar eða þrisvar í viku, en stundum hefði liðið heil vika, án þess að hann kæmi þar. Hann kvaðst hafa velt mismiklu á hverju spilakvöldi, allt frá örfáum þúsundum upp í 50 — 60 þúsund krónur. Þá hefði hann ekki alltaf verið banki, þegar hann spilaði, heldur stöku sinnum. Þá hefði hann aldrei skipt spilagróða með öðrum ákærðu.

Ákærði var inntur eftir misræmi milli þessarar skýrslu sinnar og frásagnar sinnar hjá lögreglu um færslur í þágu þeirra fjögurra. Kvað hann ástæðuna vera þá, að hann hefði ekki viljað, að lögreglan kæmist að því, að þeir ættu sjóð saman og hefðu lagt fé í nýjan og dýran búnað, sem hefði verið um það bil að koma til landsins. Hefði hann óttast, að búnaðurinn yrði gerður upptækur.

Ákærði Sverrir Frank gaf skýrslu hjá lögreglunni í Reykjavík um nóttina skömmu eftir handtöku. Var honum boðin aðstoð lögmanns, en hann þáði ekki. Kvað hann FRÍ-klúbbinn vera fyrir fastafélaga aðeins. Færi starfsemin þannig fram, að „gjafari“ eða „dealer“ spilaði fyrir borðin og legði hagnaðinn í sjóð, sem notaður væri til þess að standa straum af húsaleigu og þvilliku og endurnýja áfengisbirgðir á barnum. Kvað hann félagsgjald hafa verið tvö þúsund krónur, en félaga taldi hann hafa verið um tvö hundruð í haust eða um áramót. Kvað hann þá hafa verið að vinna upp félagspjaldskrá, og væru þeir komnir eitthvað á þriðja eða fjórða tuginn með hana. Þeir ákærðu rækju þetta öðrum fremur, og ættu þeir innréttingarnar og spilabúnaðinn. Hann kvað einungis félögum, sem stæðu í skilum með félagsgjald, vera heimill aðgangur, en þeim væri bannað að koma með kvenfólk, og drykkjuskapur væri ekki liðinn í húsnæðinu. Ekki væri þarna önnur skemmtan leyfð en spil og spjall. Kvað hann klúbbinn hafa verið stofnaðan 1968, en sjálfur hefði hann gengið í hann 1970 og „verið einn fjögurra rekstraraðila síðan í júlí sl.“. Hefðu þeir áður verið sex talsins, en tveir hefðu hætt og störfuðu nú „sjálfstætt í Ármúla“.

Ákærði gaf aðra skýrslu hjá lögreglu kvöldið eftir, og var honum þá einnig boðin aðstoð lögmanns. Skýrði hann svo frá, að þeir ákærðu sæju

um rekstur spilaklúbbs, og kvaðst hann hafa verið í stjórn þar í u. þ. b. eitt ár. Starfsemin hefði þó ekki verið samfelld. Þrír menn, Halldór Már Sverrisson, Brynjar Valdimarsson og Jón Ingbórsson, hefðu hætt fyrir nokkru, og hefðu þeir Halldór Már og Brynjar opnað annan spilaklúbb í Ármúla. Hefðu þeir fengið greiddar út 800 þúsund krónur úr klúbbum, þegar þeir hættu. Annars væri klúbburinn eign félagsmanna, sem hann vissi þó ekki, hve margir væru, þar sem félagaskrá hefði glatast, þegar þeir voru að lagfæra húsnæðið. Ákærði kvaðst hafa tekið 500 þúsund króna lán til þess að leggja til starfseminnar, og hið sama hefðu þeir Valur Bjartmar og Valgarð gert. Kvaðst hann hafa fengið yfirdráttarheimild á reikning sinn, 600 þúsund, sem hefði verið notuð að fullu í þágu rekstrarins. Þá hefði Haraldur einnig lagt til fé, þegar hann bættist í hópinn. Ákærði kvað tekjur umfram rekstrarkostnað renna til þeirra upp í það, sem þeir hefðu lagt fram í upphafi.

Ákærði kvað spilin hafa aðallega verið póker, „black jack“ og bridds, en rúletta hefði verið nýtilkomin. Lýsti ákærði „black jack“ þannig, að einn maður væri „dealer“ og gæfi spilin. Gætu sjö menn spilað við hann í einu. „Dealer“ væri annaðhvort einhver þeirra, sem rækju staðinn, eða einhver af klúbbfélögnum. Það fé, sem græddist, rynni til rekstrarins og kaupa á húsgögnum svo og til kaupa á áfengi handa félagsmönnum. Við rúlettuna þyrfti einn til tvo starfsmenn eftir fjölda spilamanna. Hefðu þeir fjórir oftast séð um það, en stundum hefðu þeir fengið einhvern nákominn til aðstoðar. Til þess að spila „black jack“ eða rúlettu þyrfti spilapeninga, sem væru seldir mönnum, en að spili loknu fengju menn þeim skipt í reiðufé. Kvað ákærði þá reglu hafa gilt, að ekki gætu menn keypt spilapeninga fyrir meira en 100 þúsund krónur á kvöldi.

Bók þá, sem getið er hér að ofan og merkt er A 1, kvað ákærði Harald Svein hafa haldið um reksturinn. Það, sem fært væri „Inn“, væru tekjur af hverju kvöldi, sem húsnæðið var opið, en það hefði verið flest kvöld vikunnar. Sýndi bókin veltuna hjá þeim þetta tímabil. Kvaðst ákærði hafa fylgst með tekjunum eins og aðrir, enda mikið í húfi fyrir þá, því að ef vel gengi, væri hægt að greiða þeim til baka og grynka á láninu, sem þeir höfðu tekið. Ekki hefði verið færð bók um reksturinn, fyrr en Haraldur „kom í hópinn“, og hefði hann byrjað að færa hana 15. júlí sl. Færslur 4., 5., 8. og 18. ágúst svo og 6. og 9. september vörðuð greiðslur til þeirra fjögurra, sem runnu til þess að greiða skuldir, sem þeir hefðu stofnað til, þegar þeir tóku við starfseminni. Það, sem fært væri „Út“, væri tap hússins, enda geti húsið bæði tapað og unnið á einu og sama kvöldi. Tilgangur þessa bókhalds hefði verið að fylgjast með, hvernig reksturinn gengi og hve mikið „kæmi til baka“, til þess að greiða skuldirnar, sem þeir hefðu stofnað til. Inneign þeirra kæmi hins vegar ekki fram

í bókhaldinu, enda hefði verið stofnað til hennar, áður en farið var að færa bókina.

Ákærði gaf skýrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 21. október sl. Var honum gefinn kostur á því að njóta aðstoðar verjanda, en þáði það ekki. Kvað hann þá fjóra ákærðu vera eigendur FRÍ-klúbbsins, og hefðu þeir verið með reksturinn frá 15. júlí. Leigðu þeir húsnæðið af tveimur mönnum, og hétu annar Árni. Til hefði staðið að ganga formlega frá leigumálanum til tveggja ára, en ekki orðið af því. Hefðu þeir greitt rúmar 52 þúsund krónur í leigu á mánuði, og væru þeir fjórir leigutakarnir. Skýrði ákærði frá spilunum á sama hátt og áður, en tók fram, að þegar spiluð væru póker, kasjón eða bridds, keyptu menn ekki spilapeninga af húsinu, og húsið hefði því hvorki haft ávinning né tap af þeim spilum. Sá þeirra fjögurra, sem væri að vinna hverju sinni, seldi annars spilapeninga í „black jack“ og rúllettuna. Kvaðst ákærði hafa fengið ágóðann af spilunum, þegar hann græddi, en eins mátt bera tapið, þegar svo bar undir. Hefði gengið á ýmsu fyrir sér í þeim efnum, en hann hefði þó getað greitt sinn hlut í húsaleigunni og lagt fé til áfengiskaupa og annars. Þegar lögreglan hefði lokað klúbbnum, hefði hann verið með bankann og tengdason sinn til aðstoðar sér. Hefðu 76 þúsund krónurnar, sem teknar voru af borði þarna, verið andvirði seldra spilapeninga og eign sín. Ákærði kvað Harald eiga 657.200 krónur af því fé, sem hald var lagt á. 8.800 krónurnar á barnum væru hins vegar sameiginleg eign þeirra fjögurra og væru félagsgjöld.

Ákærði kvað tilganginn hjá þeim með því að taka að sér klúbbinn hafa verið að búa sér aðstöðu til spila við klúbbfélaga. Eins hefðu þeir búið við að hafa nokkurn ágóða af þessu, og hefði hann átt að renna til endurbóta á klúbbnum og kaupa á húsgögnum og öðru.

Við aðalmeðferð málsins hér fyrir dómi neitaði ákærði að hafa átt hlut að fjárhættuspili í ávinnings- eða atvinnuskyni. Ákærði kvað skýrslur sínar hjá lögreglunni í Reykjavík og Rannsóknarlögreglu ríkisins vera efnislega réttar, þótt einhverju skeikaði um orðalag. Kvað hann t. d. dagsetninguna 15. 7. vera frá lögreglunni komna, enda mætti sanna, að klúbburinn hefði ekki verið opnaður fyrr en 22. ágúst. Hann tók þó fram, að ekki hefði verið um neina „starfsemi“ að ræða. Til væri skrá um félaga. Hann kvað stjórnarmenn hafa borið „höfuð og herðar yfir hina í því að bera ábyrgð á því, að þessir hlutir gengju“ þannig, að þeir „héldu húsnæði og annað“. Þetta hlutverk þeirra væri þó ekki fest í lög klúbbsins, heldur kannaðist hann við, að þetta væri eins konar siðferðisskylda þeirra gagnvart félögnum. Aðspurður um greiðslur til þeirra í ágúst og september sagði hann, að þar væri verið að endurgreiða sér framlag sitt til klúbbsins. Hann ætti þó ennþá hjá klúbbnum.

Ákærði kvaðst hafa gerst félagi á árunum 1970-1972 og verið í stjórn

í um það bil eitt ár. Hefði alltaf verið spilað fyrir peninga þar. Kvaðst hann annars vera kaupmaður í Júlلابúð, en fram í miðjan júlí hefði hann rekið myndbandaleigu og söluturn. Kvaðst hann vinna við þetta frá morgni til kvölds. Hann kvað helsta áhugamál sitt vera spil, einkum bridds, sem hann spilaði í hverri viku og um helgar. Hann kvaðst hafa gengið í stjórnina í því skyni að rétta við klúbbinn, eftir að þeir Brynjar fóru úr honum. Litlar breytingar hefðu verið gerðar á starfsemi klúbbsins fyrst í stað. Í klúbbum færi fram „almenn spilamennska“, svo sem bridds, kasjón, „black jack“, rúlletta og póker. Póker væri annars varla spilaður lengur og rúllettan sjaldnar en hin spilin. Menn legðu 500 — 1000 krónur undir í „black jack“ og rúllettu. Ekki væri liðið, að menn legðu of mikið undir, og væru „stoppaðir af“, ef þeir ætluðu að missa stjórn á sér í spilunum og tapa meira en 100.000 krónum. Sjálfur kvaðst ákærði hafa hagnast mest um einhverja tugi þúsunda á kvöldi. Einhver stjórnarmanna sæi um að opna húsið á kvöldin eða fæli það einhverjum áreiðanlegum klúbbfélaga. Þeir hefðu talað um það sín á milli, að þeir væru að „vinna“ í klúbbum, þó að þeir hefðu ekki atvinnu af þessu. Þetta væri aðeins „hobbi“. Stjórnarmenn væru oftar banki en aðrir félagar. Ákærði kvað gesti mega koma einu sinni með klúbbfélögum, en í næsta skipti yrðu þeir að gerast félagar sjálfir, þ. e. að uppfylltum þeim skilyrðum, að þeir höguðu sér vel og hefðu náð 20 ára aldri.

Ákærði sagði, að þeir hefðu aldrei ætlað sér að hagnast á þessari spilamennsku og aldrei talið, að þetta gæti orðið neinn gróðavegur. Hefði þetta verið félagsheimili manna, sem hefðu ánægju af því að leggja undir og græða og tapa á víxl.

Ákærði kvað það vera rétt hjá Haraldi, að þeir hefðu lagt fé í sjóð til þess að kaupa spilabúnað. Þá gaf ákærði nú þá skýringu á færslunum til þeirra fjögurra, að það hefðu verið greiðslur til þess að kaupa fyrir nýju borðin.

Ákærði kvaðst ásamt þeim Valgarði og Val hafa greitt þeim Halldóri Má og Brynjari nokkra fjárhæð vegna búnaðar, sem þeir hefðu átt í klúbbum, og hefðu þeir lagt þetta út fyrir klúbbinn og ættu að fá endurgreitt síðar. Þetta hefðu þó ekki verið neinar 800 þúsundir.

Ákærði sagði klúbbinn hafa verið fjármagnaðan með borðgjöldum, og hefði það fé runnið til þess að greiða húsaleigu, þrif og annað. Ekki hefði verið um annan rekstur að ræða. Orðið „rekstur“ í skýrslum sínum hjá rannsóknarlögreglu væri komið frá lögreglunni, og hefði hann ekki hirt um að leiðrétta það. Þá tók hann fram, að þeir fjórir ættu ekki klúbbinn, heldur aðeins muni þar. Hann kvaðst aldrei hafa séð bók A 1 fyrr en við lögreglurannsóknina. Kvaðst hann ekki geta skýrt aðrar tölur en þær, sem lúti að greiðslum fyrir nýjan búnað. Þó gætu tölur um hússjóð og húsaleigu

verið réttar nema liðurinn HÚSAL. D 12, við 20. 9., sem hann kannaðist ekkert við. Þá kvað hann klúbbinn hafa keypt málverk, en mundi ekki hvenær. Hann kvað Harald hafa lagt út fyrir húsaleigu, áður en félagsgjöld fóru að koma inn. Ákærði kannaðist aftur á móti við bók A 2, og væri það bók, sem þeir Haraldur og Valgarð héldu. Í því sambandi kom fram hjá honum, að leiga fyrir rúllettuna væri 1.000 krónur á klst. og borð fyrir bridds væri leigt út fyrir 400 krónur á klukkustund. Hefði verið gengið hart eftir því, að leiga væri greidd, en allir klúbbfélagar hefðu átt rétt á því að taka spilaborð og rúllettuna á leigu. Sá, sem var banki, hefði verið það persónulega og notið jafnt hagnaðar og þolað tap.

Ákærði Valgarð kom til lögreglunnar í Reykjavík af sjálfsdáðum síðdegis 10. október sl. og gaf þá skýrslu í málinu, eftir að honum hafði verið boðin aðstoð réttargæslumanns. Hann skýrði frá því, að klúbburinn hefði starfað í um tuttugu ár og verið opinn öllum þeim, sem áhuga hefðu. Í Súðarvogi 7 hefði klúbburinn verið sl. fimm ár. Hefði verið leitast við að halda frá órólegu fólki. Ákærði kvað þá Halldór Má og Brynjar hafa fengið einhverjar fjárgreiðslur, þegar þeir hættu. Ákærði kvaðst nú vera í stjórn með hinum þremur meðákærðu. Skýrði ákærði frá spilunum á sama hátt og komið hefur fram hjá hinum hér að framan. Kvað hann þá, „sem sáu um reksturinn“, hafa tekið að sér að vera „dealer“ ásamt öðrum félögum. Um rúllettuna kvað hann þurfa einn mann til þess að snúa hjólinu og annan til aðstoðar við borðið. Þá skýrði ákærði frá því, að það fé, sem „dealerinn“ græddi á borðunum, rynni til þess að reka staðinn, til þess að gera hann vistlegan og til þess að kaupa fyrir áfengi, sem veitt væri félagsmönnum í hófi. Ekki hefði verið afgangur til þess að greiða þeim nein laun, sem aðstoðuðu, en þó hefði verið um einhverjar lítils háttar greiðslur að ræða. Ákærði kvað gesti félagsmanna fá aðgang, og gætu þeir gengið í klúbbinn síðar. Árgjald væri 200 krónur, sem gæti hækkað eftir því, hvernig sjóðurinn stæði. Oftast lenti það á stjórnarmönnum að rétta sjóðinn af. Undir ákærða voru bornar færslur í bók A 1. Kvaðst hann ekki kannast við þetta bókhald, en færslurnar til þeirra fjögurra, sem áður getur, væru ekki hagnaðargreiðslur, heldur í raun rekstrarkostnaður klúbbsins og endurgreiðslur til þeirra á fé, sem þeir hefðu lagt í klúbbinn, og til þess að endurgreiða þeim Brynjari og Halldóri það, sem þeir hefðu lagt til. Þá kvað ákærði Harald hafa tekið lán til þess að leggja fram fé og það verið endurgreitt honum.

Ákærði gaf aðra skýrslu í málinu og nú hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 22. október sl. Hafði honum verið gefinn kostur á því að hafa verjanda viðstaddan, en hann ekki þegið. Þá skýrði ákærði frá því, að þeir fjórir væru eigendur að klúbbum og hefðu byrjað að reka hann saman 15. júlí. Kvað hann þá leigja húsnæðið hjá Árna Guðjónssyni, sem væri með tré-

smíðaverkstæði þarna í húsinu, og greiddu þeir honum 52.300 krónur á mánuði í leigu. Ekki hefði verið „gerður neinn leigusamningur“, en það hefði komið í sinn hlut að taka við hlut hvers þeirra þriggja í leigugjaldinu og gera skil á því við Árna. Hefðu þeir félagar skipt jafnt með sér öllum kostnaði af rekstrinum. Ákærði lýsti spilunum sjálfum á sama hátt og fram er komið hér að framan. Þeir, sem hefðu spilað bridds, kasjón eða póker, hefðu ekki keypt spilapeninga, en greitt þess í stað borðgjald. Í rúllettu og „black jack“ hefðu verið notaðir spilapeningar og einhver þeirra fjögurra alltaf séð um að selja þá og vera „gjafari“. Hefði stundum verið fenginn maður til aðstoðar við þetta. Sá, sem bankann hefði, fengi hagnaðinn, ef einhver væri. Kvaðst hann giska á, að hann hefði verið búinn að fá um 200 þúsund krónur í gróða, en því hefði hann varið í rekstur klúbbsins og reyndar miklu meira fé.

Ákærði kvað tilganginn hafa verið þann að koma sér upp aðstöðu til að spila fjárhættuspil, en eins hefði vakað fyrir sér að græða á þessu og nota ágóðann til þess að endurbæta klúbbinn. Kvaðst hann hafa frekar átt von á því, að starfsemi fjárhættuspilaklúbba yrði lögleidd hér á landi, og vildi hann þá „vera tilbúinn í slaginn“.

Hér fyrir dómi kvaðst ákærði vera saklaus af því að hafa staðið að því að reka fjárhættuspil í Súðarvogi 7. Hann kvað skýrslur sínar hjá lögreglu vera efnislega réttar, þótt finna mætti að orðalagi. Ekki væri rétt, að þeir fjórir væru eigendur að klúbbum, eins og fram kæmi í skýrslu sinni hjá rannsóknarlögreglu. Aftur á móti ættu þeir ýmsa hluti í klúbbum, sem þeir hefðu ekki fengið borgaða, svo sem sjónvarp, spilaborð og húsgögn. Eigendur klúbbsins væru félagarnir í honum. Hefði hann ekki áttað sig á þessu orðalagi, þegar hann skrifaði undir skýrsluna, enda verið kannski „hálfstressaður“. Hann kvaðst hafa séð um að greiða húsaleigu og tekið peninga fyrir henni úr sjóði klúbbsins. Þegar sjóðurinn hefði ekki nægt fyrir leigunni, hefðu þeir fjórir lagt út fyrir henni saman og það endurgreitt síðar. Orðin „leigðum við“ í skýrslu sinni hjá rannsóknarlögreglu ættu við þá í klúbbum. Ákærði kvað þrjá menn hafa fengið greiðslur úr sjóði klúbbsins, þegar þeir hættu þar, vegna muna, sem þeir ættu í klúbbum. Kvaðst hann ekkert hafa lagt persónulega til þeirra greiðslna. Þegar ákærði var spurður, hvort hann hefði notið hagnaðar úr klúbbum, kvaðst hann aldrei hafa gert það. Hann hefði þó verið banki nokkuð oft, en ekki geta sagt, að hann hefði hagnast á því. Það hefði verið „svona upp og niður“. Þegar um hagnað hefði verið að ræða, hefði hann runnið í eigin vasa sinn. Eins hefði hann borið tap sitt sjálfur.

Þegar bók A 1 var borin undir hann, kvaðst hann ekki geta sagt, hvaða bók þetta væri. Kannaðist hann fyrst ekki við neinar tölur í henni og kvaðst ekki geta skýrt þær. Þegar hann var spurður út í færsluna 4. 8., 320.000

kr., kvað hann þá færslu geta átt við greiðslu fyrir búnað, sem þeir hefðu fest kaup á. Gat hann þess einnig, að hann hefði sjálfur smám saman greitt Haraldi nokkur hundruð þúsund krónur vegna þessara kaupa. Aftur á móti kannaðist ákærði við bók A 2 og kvað hana hafa að geyma bókhald klúbbsins, tekjur og gjöld, þ. m. t. borðgjöld og félagsgjöld. Að því er varðaði gjaldeyrisumsókn sína, dagsetta 25. 9., um 3.793 sterlingspund, kvað hann þar vera á ferðinni greiðslu inn á spilabúnað.

Ákærði Valur Bjartmar gaf skýrslu hjá lögreglunni í Reykjavík 10. október sl. Óskaði hann ekki eftir því að hafa réttargæslumann viðstaddan, þótt honum væri boðið það. Kvaðst hann vera mikill áhugamaður um spil og hafa lengi þekkt til í Súðarvogi 7. Hefði hann verið í stjórn staðarins í um hálft ár ásamt hinum þremur ákærðu. Þeir, sem þess óskuðu, gætu orðið félagar í klúbbum og látið skrá sig og fengið félagskort. Ákærði kvað þá Halldór Má Sverrisson og Brynjar Valdimarsson hafa áður verið aðila að rekstrinum, en hætt og þá fengið greidda einhverja fjárhæð vegna kostnaðar, sem þeir hefðu tekið á sig vegna rekstrarins.

Ákærði kvað „black jack“ vera spilaðan þannig, að „dealer“ gæfi spilin, og gæti hann spilað við allt að sjö menn í einu. Ekki væri „dealerinn“ alltaf starfsmaður hússins, því að menn gætu tekið sig saman og einn þeirra tekið að sér að vera „dealer“. Þegar um væri að ræða starfsmann hússins, mætti segja, að þeir, sem við hann spiluðu, væru að spila við húsið, en þar sem um félagaklubb væri að ræða, væri spilað við félagana og sjód þeirra. Það fjármagn, sem græddist, væri eign félaganna og notað til þess að kaupa áfengi og tóbak á barinn og standa undir rekstri hússins almennt. Hann kvaðst ekki hafa fylgst með rúllettunni og ekki kynnt sér, hvernig hún væri rekin. Ákærði sagði tekjur hússins eða öllu heldur félaganna hvert kvöld hafa verið mjög misjafnar, en oftast á bilinu tíu til tuttugu þúsund. Undir ákærða var borin bók A 1, og kvaðst hann aldrei hafa séð hana áður, og væru tölur í henni mun hærri en hann gæti ímyndað sér, að svaraði til tekna af slíkum rekstri. Gat hann ekki skýrt þær tölur í bókinni, sem voru bornar undir hann.

Ákærði gaf aðra skýrslu í málinu 22. október sl. og kvaðst ekki óska eftir nærveru lögmans, þótt honum hefði verið kynntur réttur hans til þess. Aðspurður kvað hann þá fjóra vera eigendur að FRÍ-klúbbum, og hefðu þeir hafið rekstur hans um miðjan júlí, en ekki opnað fyrir en í ágúst, eftir að þeir höfðu málað og lagað til þarna í Súðarvogi 7. Þeir fjórir ákærðu hefðu greitt húseigandanum, Árna að nafni, um 50 þúsund krónur í húsaleigu á mánuði, og taldi ákærði, að það kæmi að jafnaði í hlut Haralds að gera skil á henni.

Ákærði kvað menn hafa alltaf keypt spilapeninga af einhverjum þeirra fjögurra til nota í „black jack“ og rúllettu og spilað þá við bankann, húsið

eða „gjafarann“ eftir því, hvað menn vilji kalla það, en í öðrum spilum hefðu menn ekki alltaf lagt undir, og ef menn gerðu það, var það óviðkomandi húsinu. Af þeim hafi stundum verið tekin borðgjöld, en ákærði kveðst aldrei hafa gert það, þegar hann var að vinna. Ákærði sagði, að sá þeirra fjögurra, sem var að vinna í það skiptið, hefði spilað á eigin ábyrgð, notið hagnaðar hússins, en einnig borið tap þess. Kvaðst hann telja, að hann hefði í heild hagnast um 90 — 100 þúsund kr. á þeim kvöldum, sem hann hefði verið banki eða „gjafari“ þarna, en þetta fé hefði allt runnið til rekstrar klúbbsins. Tilgangur ákærða með þessu hefði verið að koma sér upp aðstöðu til þess að spila fjárhættuspil og þar sem væri einnig hagnaðarvon.

Ákærði bar við aðalmeðferð málsins, að hann hefði ekki stundað fjárhættuspil í ávinnings- eða hagnaðarskyni. Þá kvaðst hann sem stjórnarmaður, meðstjórnandi, í um eitt ár hafa haldið utan um reksturinn, en helstu útgjöld hefðu verið húsaleiga, rafmagn og hiti. Hann kvað þá ákærðu hafa lánað klúbbum búnað og fengið greitt fyrir af félags- og borðgjöldum. Hefðu þeir keypt búnað fyrir klúbbinn, og sjálfur hefði hann lagt fé til þess eftir getu. Ákærði kvað skýrslur sínar hjá lögreglu vera að mestu réttar efnislega, en finna mætti að orðalagi. Þegar hann hefði talað um það hjá rannsóknarlögreglu, að þeir fjórir ættu klúbbinn, hefði hann átt við, að þeir væru í stjórn klúbbsins. Eins ætti „rekstur“ í sömu skýrslu við það, að þeir hefðu séð um reksturinn sem stjórnendur. Kvaðst hann furða sig mjög á þessu orðalagi og ekki hafa trú á því, að hann hefði svarað þessu svona, en hann hefði ekkert verið að velta þessu fyrir sér. Þá kom fram hjá honum, að þeir hefðu þurft að kaupa ýmsa hluti. Þá kvaðst hann aðspurður ekki hafa staðið í þessu í hagnaðarskyni, heldur af hugsjón. Hann hefði spilað fjárhættuspil í yfir 20 ár, og aðaláhugamál sitt væri bridds. Enn kom fram hjá honum, að alltaf hefði staðið til að breyta klúbbum í lögmætt form, en jafnframt tók hann fram, að hann hefði alltaf talið, að þetta væri ekki ólöglegt. Ákærði kvað starfsemina hafa legið niðri um skeið í sumar. Ákærði kvaðst hafa komið oft í klúbbinn til þess að spila, ýmist upp á peninga eða ekki. Hefði hann þá ýmist verið „gjafari“ eða einhverjir aðrir klúbbfélagar. Hefði hann lagt undir mismikið eftir því, um hvaða spil var að ræða. Velti hann einhverjum þúsundum í bridds á kvöldi. Þegar hann hefði verið „gjafari“, hefði hann spilað fyrir sjálfan sig. Hann kvað stjórnarmenn hafa oftast en óbreytta félaga verið í þessu hlutverki. Aðrir en klúbbfélagar hefðu aldrei komið þar við sögu. Inntöku-skilyrði í klúbbinn hefði verið fjárræði. Ekki kvaðst hann hafa haft viðurværi sitt af spilum og ekki annan ávinning af þeim en skemmtan. Hann ynni nú á Hótel Esju og sæi um „míni-bar“ þar. Eins hefði hann fengist við að útbúa bridds-kerfi, en ekki fengið borgað fyrir það.

Ákærði kvað ákærða Harald hafa aðallega séð um fjármál klúbbsins. Hann kvaðst ekkert geta sagt um bók A 1 eða um færsluna 4. 8., sem var sérstaklega borin undir hann. Hann kannaðist ekki við að hafa fengið greiddar 80 þúsund krónur. Ekki kvaðst hann heldur kannast við bók A 2, en hún gæti verið yfir hússjóðinn.

Niðurstaða.

Ákærðu hafa verið reikulir í skýrslum sínum, og einkum hafa þeir breytt framburði sínum, eftir að málið kom til meðferðar hér við dóminn. Hafa dómskýrslur þeirra á sér nokkurn ósennileikablæ og eru um sumt fráleitar. Af skýrslum ákærðu, húsbúnaði í Súðarvogi 7 og því, sem fannst við húslleitina af fjármunum og gögnum, einkum bók A 1, má ráða með vissu, að þar hefur verið spilað um verulegar fjárhæðir í rúllettu, „black jack“, kasjón, póker og bridds. Af skýrslum ákærðu og bókhaldi og öðrum skjallegum gögnum má einnig ráða með vissu, að þeir höfðu varið verulegum fjárhæðum úr eigin vasa og af spilagróða til þess að koma upp spilabúnaði og -aðstöðu í húsnæðinu. Þá hefur komið fram hjá þremur ákærðu, að þeir hafi gert sér von um að hagnast á spilunum. Ákærðu voru stjórnarmenn í FRÍ-klúbbum, og upplýst er, að þeir réðu þar mestu, höfðu þar mest umsvif og umráð húsnæðisins. Að þessu athuguðu ber að sakfella þá bæði fyrir brot við 1. mgr. 183. gr. og 184. gr. almennra hegningarlaga, og skiptir þá ekki máli, þótt þeir kunni að hafa varið mestum tíma sínum í aðra atvinnu.

B. Brot gegn 18., sbr. 1. mgr. 33. gr. áfengislaga.

Fyrir liggur, að ákærðu höfðu ekki leyfi til áfengisveitinga. Upplýst er enn fremur, að ákærði Sverrir Frank seldi lögreglumönnum Hauki Ásmundssyni og Halli Hilmarssyni tvo bjóra föstudagskvöldið 9. október sl. Á ljósmyndum, sem teknar voru í húsnæðinu, má sjá fullbúinn bar og áfengi í hillum, á gólfi og á borði. Í barborðinu er afgreiðslupeningakassi, og voru í honum 8.500 krónur auk smámyntar. Á barnum fannst verðlisti, m. a. um áfengi. Í bók A 2 margnefndri eru og færslur, sem benda eindregið til áfengissölu.

Ákærðu hafa að Sverri Frank og Val Bjartmari undanskildum neitað því með öllu, að áfengi hafi verið selt í húsnæðinu, en ákærði Valur Bjartmar bar það hjá lögreglunni í Reykjavík, að gestum klúbbfélaga hefði verið selt áfengi, og taldi hann verðlistann sýna það verð, sem gestum var gert að greiða fyrir áfengið. Í skýrslu sinni hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins bar hann, að spilamenn hefðu fengið áfengisveitingar, en án þess að greiða fyrir þær. Fyrir hafi þó komið, að þeir gæfu „tips“, en það hefði verið sjaldan. Ákærði Sverrir Frank bar það í skýrslu sinni hjá rannsóknarlögreglunni,

að mönnum, sem voru ekki að spila, hefði verið selt áfengi í undantekningartilvikum, en að jafnaði seldi hann ekki áfengi þarna. Aftur á móti gæfu þeir, sem spiluðu rúllettu eða „black jack“, „tips“. Hjá rannsóknarlögreglunni bar ákærði Valgarð það einnig, að menn, sem þágu áfengi í klúbbum, hefðu gefið „tips“. Hér fyrir dóminum hafa ákærðu allir þvertekið fyrir, að áfengi hafi verið selt eða að menn hafi gefið þjófnefni eða „tips“. Þá hafa þeir gefið þá skýringu á verðlistanum, að hann sé gamall og frá öðru skeiði í starfsemi klúbbsins.

Haukur Ásmundsson lögreglumaður, sem nefndur er hér að ofan, hefur borið, að ákærði Sverrir Frank hafi sagt þeim Halli, að þeir yrðu að kaupa áfengi, ef þeir ætluðu að dveljast þarna án þess að spila, og væri það húsregla. Hallur Hilmarsson lögreglumaður hefur borið með Hauki um þetta.

Niðurstaða.

Telja verður sannað með því, sem rakið er um þetta sakaratriði hér að framan, að ákærðu eða aðrir á þeirra vegum hafi veitt gestum í húsnaðinu, sem ekki sátu að spilum, áfengi gegn gjaldi þann tíma, sem húsnaðið var í notkun, en gegn eindreginni neitun þeirra verður að telja ósannað, að áfengi hafi verið veitt gegn gjaldi umfram það. Hafa ákærðu með þessu orðið sekir um brot gegn 18. gr., sbr. 1. mgr. 33. gr. áfengislaga.

Viðurlög.

Ákærði Haraldur Sveinn hefur gerst sekur um hegningarlagabrot fimm sinnum áður, þar af í fjögur skipti fyrir ofbeldisbrot. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin fangelsi í fjóra mánuði.

Ákærði Sverrir Frank var dæmdur fyrir þjófnað árið 1968 og sektaður árið 1986 fyrir klámbrot. Þá hefur honum verið refsað sex sinnum, ýmist fyrir ölvun eða umferðarlagabrot. Þykir refsing hans vera hæfilega ákveðin fangelsi í fjóra mánuði.

Ákærði Valgarð var sektaður fyrir ölvun við akstur árið 1982 og fyrir klámbrot árið 1987. Þykir refsing hans vera hæfilega ákveðin fangelsi í þrjá mánuði.

Ákærði Valur Bjartmar hefur verið sektaður fimm sinnum fyrir ölvun, einu sinni fyrir ölvunarakstur og í eitt sinn fyrir akstur án réttinda. Þykir refsing hans vera hæfilega ákveðin fangelsi í þrjá mánuði.

Rett þykir að fresta framkvæmd þessara refsinga ákærðu og ákveða, að þær falli niður að liðnum þremur árum, haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Þá þykir vera rétt að gera hverjum hinna ákærðu að greiða 2.000.000 króna í sekt til ríkissjóðs, og komi 90 daga fangelsi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan átta vikna frá dómsbirtingu.

Samkvæmt 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga ber að dæma ákærðu til þess að þola upptöku til ríkissjóðs á spilapeningum, tveimur spilaborðum, tveimur peningakössum og rúllettuhjóli, sem hald var lagt á. Ekki eru lagaskilyrði til þess að gera upptækt það áfengi, sem fannst hjá ákærðu.

Dæma ber ákærðu hvern um sig til þess að greiða verjanda sínum málsvarnarlaun, 65.000 krónur, þeim Gísla Gíslasyni hdl., Björgvin Þorsteinssyni hrl., Gunnari Jóhanni Birgissyni hdl. og Sigurbirni Magnússyni hdl. Ákærðu greiði óskipt allan annan sakarkostnað, þar með talin málsóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærðu Haraldur Sveinn Gunnarsson og Sverrir Frank Kristinsson sæti fangelsi í fjóra mánuði.

Ákærðu Valgarð Blöndal og Valur Bjartmar Sigurðsson sæti fangelsi í þrjá mánuði.

Framkvæmd refsingar allra ákærðu er frestað, og fellur hún niður að liðnum þremur árum frá dómsuppsögu, haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu greiði hver um sig 2.000.000 króna í sekt í ríkissjóð, og komi 90 daga fangelsi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan átta vikna frá dómsbirtingu.

Ákærðu sæti upptöku til ríkissjóðs á spilapeningum, tveimur spilaborðum, tveimur peningakössum og rúllettuhjóli.

Ákærðu greiði hver um sig verjanda sínum 65.000 krónur í málsvarnarlaun, ákærði Haraldur Sveinn Gísla Gíslasyni héraðsdómslögmanni, ákærði Sverrir Frank Björgvin Þorsteinssyni hæstaréttarlögmanni, ákærði Valgarð Gunnari Jóhanni Birgissyni héraðsdómslögmanni og ákærði Valur Bjartmar Sigurbirni Magnússyni héraðsdómslögmanni. Ákærðu greiði óskipt allan annan sakarkostnað, þar með talin málsóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur.